



Fókus á börn og ungt fólk

Fyrsta áfangaskýrsla stýrihóps sem vaktar óbein áhrif COVID-19 á geðheilsu

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Áhrif heimsfaraldurs á börn og ungt fólk á Íslandi.....	5
3. Tillögur hópsins	9
3.1 Efla skólaheilsugæslu.....	9
3.2 Efla rafrænar lausnir í geðheilbrigðisþjónustu	9
3.3 Efla þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslu.....	9
3.4 Bæta aðgengi að sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu.....	10
3.5 Lög um börn sem aðstandendur.....	11
4. Aðrar ábendingar hópsins.....	12
4.1 Efla skólaþjónustu.....	12
4.2 Þjóða fjölbreytt sumarstörf fyrir ungmenni	12
4.3 Fjölga stöðugildum í barnavernd og efla meðferðarúrræði.....	12

1. Inngangur

Heimsfaraldur COVID-19 gerði vart við sig á Íslandi í byrjun árs 2020 og varir enn. Hefur faraldurinn haft í för með sér heimskreppu og ýmsar óbeinar afleiðingar vegna sóttvarnaaðgerða. Heilbrigðisráðherra hefur sett geðheilbrigðismál í forgang í sinni embættistíð og vísbendingar eru um að heimsfaraldurinn hafi áhrif á líðan fólks. Í apríl 2020 kynnti ríkisstjórnin aðgerðapakka sem miðaði sérstaklega að því að styðja við geðheilsu þjóðarinnar sem fól meðal annars í sér eflingu geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu og hjá geðheilsuteymum heilbrigðisstofnana. Einnig voru upplýsingar um eflingu geðheilsu settar inn á upplýsingasíðu covid.is, heilsuveru.is og víðar.

Okkur skorti frekari innsýn í óbein áhrif faraldursins, svo sem hvort um merkjanlegan mun sé að ræða á heilsu og vellíðan mismunandi þjóðfélags hópa. Í desember 2020 var skipaður stýrihópur til að vakta óbein áhrif COVID-19 á geðheilsu. Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Elín Ebba Ásmundsdóttir, tilnefnd af Geðhjálp
Engilbert Sigurðsson, tilnefndur af Landspítala
Helgi Garðar Garðarsson, tilnefndur af Sjúkrahúsinu á Akureyri
Ingibjörg Sveinsdóttir, án tilnefningar, formaður
Liv Anna Gunnell, tilnefnd af Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu
Sigrún Daníelsdóttir, tilnefnd af embætti landlæknis

Stýrihópurinn tók til starfa í byrjun janúar og hefur fundað vikulega, með örfáum undantekningum þó, í gegnum fjarfundarbúnað. Í upphafi vinnunnar var stýrihópnum ljóst að um mjög umfangsmikið verkefni væri að ræða og mikilvægt væri að afmarka það á einhvern hátt.

Fyrri reynsla Íslendinga af samfélagslegum áföllum, svo sem efnahagshruninu 2008, sýndi að það getur tekið nokkurn tíma fyrir áhrif slíkra atburða að koma fram og þau koma misjafnlega niður á ólíkum samfélagshópum. Almennt fara þeir hópar sem þegar standa höllum fæti af einhverum ástæðum verr út úr samfélagslegum hremmingum en þeir sem búa við góða heilsu og félagslega stöðu. Sömuleiðis geta áhrif aukins álags á fólk sem starfar í framvarðarsveit velferðarkerfisins, s.s. við kennslu, heilbrigðis- eða velferðarþjónustu, komið fram mörgum árum eftir að ástandið sjálft er yfirstaðið.

Þau gögn sem nú liggja fyrir um áhrif heimsfaraldursins eru í takt við þetta. Almennt virðast ekki miklar breytingar hafa orðið á líðan landsmanna árið 2020 en vísbendingar eru um áhrif á tiltekna hópa, s.s. börn og ungmenni í erfiðum félagslegum aðstæðum, ungmenni í framhalds- og háskólum, fólk sem varð alvarlega veikt af COVID-19 sem og fólk sem býr við langvinn heilsufarsleg áhrif COVID-19 sjúkdómsins. Áhrif á aðra viðkvæma hópa, s.s. þá sem hafa orðið fyrir atvinnumissi, tekjuskerðingu og félagslegri einangrun, á enn eftir að greina.

Í ljósi þessa hefur stýrihópurinn ákveðið að beina sjónum einkum að þeim hópum sem ástæða er til að gefa sérstakan gaum vegna félagslegrar stöðu eða sértækra áhrifa faraldursins fremur en þjóðinni í heild. Í þessari fyrstu skýrslu verða tekin saman gögn og lagðar fram tillögur varðandi stöðu barna og ungmenna vegna COVID-19 en í næstu skýrslum verður sjónum beint að þeim hópum fullorðinna sem þarfnast sérstakrar athygli á þessum krefjandi tímum.

2. Áhrif heimsfaraldurs á börn og ungt fólk á Íslandi

Almennt séð virðast flestum börnum og ungmennum á Íslandi hafa farnast vel. Samanborið við mörg önnur lönd voru grunnstoðir samfélagsins, s.s. heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og menntakerfi, vel í stakk búnar til að takast á við áskoranir heimsfaraldurs. Samhæfðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar og áhersla hennar á að fylgja ráðleggingum sérfræðinga hafa skilað góðum árangri. Þríeyki landlæknis, sóttvarnalæknis og yfirlögregluþjóns hefur skipt sköpum í baráttunni við faraldurinn. Skýr upplýsingamiðlun og samstaða samfélagsins um beitingu áhrifaríkra sóttvarna, smitrakningar, sóttkví og einangrun hefur skilað framúrskarandi árangri. Góðum tókum var náð á bylgjum faraldursins og ekki þurfti að grípa til eins mikilla og langvarandi takmarkana á daglegt líf héraendis eins og hjá mörgum nágrannabjóðum okkar.

Stjórnvöld lögðu strax áherslu á að hlífa börnum eins mikið og hægt var við hamlandi samfélagstakmörkunum og halda skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi sem eðlilegustu. Enda eru þessar grunnstoðir sérlega mikilvægar fyrir þroska barna, vellíðan og farsæld.

Í heild sinni hafa þessar aðgerðir staðið vörð um geðheilbrigði barna og ungmenna á Íslandi.

Spurningakannanir Rannsókna og greiningar benda ekki til þess að umtalsverð versnun hafi orðið á andlegri líðan unglinga í 8.-10. bekk grunnskóla árið 2020. Meirihluti nema (56%) svaraði þannig að engin breyting hafi orðið á andlegri heilsu sinni í samkomubanninu vorið 2020, 7% sögðu hana hafa versnað talsvert en 6% að hún hafi batnað talsvert á þessum tíma. Fimmtungur (21%) sagði að hún hafi versnað örlítið en 9% að hún hafi batnað örlítið¹.

Á hinn bóginn hafa verið kynntar niðurstöður rannsókna Urðar Njarðvík og samstarfsfélaga á líðan barna með ADHD og foreldra þeirra í samkomubanninu í fyrstu bylgju COVID-19 sem sýndi marktækar neikvæðar breytingar fyrir þann hóp².

Einnig hafa komið fram niðurstöður um verri líðan að jafnaði meðal framhaldsskólanema sem voru nánast alfarið í fjarnámi frá vori til ársloka 2020. Í könnuninni Ungt fólk 2020 sem lögð var fyrir í öllum framhaldsskólum landsins kom fram afgerandi neikvæð þróun á flestum mælikvörðum sem tengjast andlegri heilsu og vellíðan meðal ungmenna. Hlutfall þeirra sem meta andlega

¹ Mynd 26, bls. 21: https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2020/11/1_Landid-005.pdf

² [Út úr kófinu - Urður Njarðvík, prófessor í sálfræði: „Með storminn í fangid“](#)

heilsu sína góða eða mjög góða árið 2020 lækkaði um 16% frá fyrri mælingu (2018) sem er mesta lækkun á milli mælinga sem komið hefur fram í könnuninni frá upphafi fyrirlagna³. Mun meiri lækkun varð hjá stúlkum en drengjum en árið 2020 mat aðeins rúmur þriðjungur stúlkna í framhaldsskólum andlega heilsu sína góða á móti 59% drengja. Tvöfalt fleiri ungmenni í framhaldsskólum greindu einnig frá því að hafa verið oft einmana sl. viku árið 2020 samanborið við 2018 og fleiri stúlkur greindu frá því að hafa átt erfitt með að sofna eða halda sér sofandi. Þegar ungmenni voru spurð sérstaklega um áhrif kórónuveirufaraldursins sagðist um og yfir helmingur þeirra hafa upplifað aukna streitu, einmanaleika og kvíða. Þessar niðurstöður benda til þess að áhrif þeirra samfélagsbreytinga sem urðu vegna COVID-19 hafi haft alvarlegri áhrif á líðan ungmenna í framhaldsskólum en almennings í heild.

Fjöldi greininga hafa verið gerðar á undanförunum árum þar sem langir biðlistar koma fram sem almennur og viðvarandi vandi í geðheilbrigðismálum barna hér á landi⁴⁻⁵. Meðal skilgreindra markmiða fyrir árið 2019 í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda var að ekki yrðu lengur biðlistar eftir þjónustu Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans (BUGL)⁶. Engu að síður var staðan sú þegar COVID-19 faraldurinn hófst hér á landi að almennur biðtími á BUGL var yfir sjö mánuðir og búist við að biðlistar myndu lengjast enn frekar í heimsfaraldrinum⁷.

Stýrihópurinn óskaði eftir upplýsingum frá Barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL) um hvort breytinga í þjónustuþörf hefði orðið vart sem tengja mætti við COVID-19. Í svari Landspítala kom fram að í fyrstu bylgju kórónuveirufaraldurs þegar miklar samkomutakmarkanir voru í samfélaginu varð erfiðara að halda samfellu í vinnslu mála og meiri fjarlægð var á milli fagfólks og fjölskyldumeðlima. Einnig höfðu samkomutakmarkanir og nándarmörk áhrif á möguleika til að bjóða upp á hópmeðferð. BUGL innleiddi fjarfundalausnir til þess að geta átt í samskiptum við sjúklinga og annað fagfólk.

Reynsla BUGL frá efnahagshruninu 2008 var sú að áhrif á starfsemi BUGL kom ekki að fullu fram strax. Nú þegar hefur orðið 34% aukning í bráðakomum og bráðainnlögnum ef litið er til tímabilsins janúar-febrúar 2021 samanborið við sama tímabil 2020. Mikil aukning hefur orðið í tilvísunum vegna átröskunarvanda, eða 70% aukning tilvísana frá 2019 til 2020. Jafnframt má merkja að börn sem eru á biðlista eftir þjónustu BUGL og annarra stofnana

³ <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2021/01/Ungt-folk--Framhaldsskolar-2020.pdf>

⁴ <https://www.rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/02/SU-Gedheil-born-unglinga.pdf>

⁵ www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item34860/Skyrsla%20Compass%20Gedheilbrigdismal%20barna%20og%20ungmenna%20a%20Islandi%20April%202018.pdf

⁶ <https://www.althingi.is/altext/145/s/1217.html>

⁷ <https://www.ruv.is/frett/2020/05/29/buist-vid-auknu-alagi-a-bugl>

koma brátt á BUGL vegna hratt versnandi líðanar sem þolir ekki bið. BUGL tekur þátt í samráðs- og fjölskylduteymum með heilsugæslu, skólaþjónustu félagsþjónustu og barnavernd. Ef málafjöldi í október og nóvember 2019 er borinn saman við sama tímabil 2020 má merkja 27% aukningu í fjölda mála en fjöldi mála hefur aukist á frá ári á þessum samráðsvettvangi. Starfsfólk BUGL telur að von sé á aukningu eftirspurnar eftir þjónustu nú í haust 2021.

Starfsfólk BUGL merkir einnig mun á biðtíma hjá öðrum þjónustuaðilum að því leyti að hann hefur lengst til muna, bæði hjá opinberri þjónustu og einkarekinni þjónustu. Torvelt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu getur leitt til versunar geðheilbrigðisvanda og aukna sókn í bráðaþjónustu BUGL.

Á sjúkrahúsinu á Akureyri er starfandi fámenn teymi í barna- og unglíngageðlækningum. Í teyminu eru starfandi þrír starfsmenn. Teymið er of lítið til þess að tryggja að það geti orðið fagleg þróun og viðeigandi vöxtur í þjónustunni. Það þarf að stefna að því að teymið verði fullmannað (sex til átta manns) svo það geti mætt þjónustubörf.

Greining Barnaverndarstofu á tölulegum upplýsingum fyrir árið 2020 sýnir einnig að tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um tæp 16% á árinu 2020 miðað við árið á undan⁸. Hins vegar ber að taka fram að þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið að tilkynningum hefur fjölgað. Einnig var áhersla lögð á það í faraldrinum að fólk fylgdist vel með börnum og var almenningur hvattur til þess að óska eftir aðstoð fyrir börn ef þörf væri á. Þessar tölur verður því að skoða í ljósi þessarar þróunar. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum en þó hlutfallslega mest á landsbyggð. Flestar tilkynningar árið 2020 bárust vegna vanrækslu, eða 43% allra tilkynninga. Fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu þar sem fram kom að foreldrar væru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu voru 16% árið 2020 sem er hærra hlutfall en árin á undan. Tilkynningum vegna ofbeldis fjölgaði um 26% á milli ára og voru einnig stærri hluti af heildartilkynningum árið 2020 en árin tvö á undan, eða tæplega 29%. Tilkynningum fjölgaði í öllum flokkum ofbeldis en flestar vörðuðu tilfinningalegt ofbeldi. Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um árið 2020 var 10.400 börn. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu líkt og fyrri ár en mikil fjölgun varð á tilkynningum frá nágrönnum árið 2020, eða 37% fleiri en bárust árið 2019. Árið 2020 bárust þó færri tilkynningar vegna áhættuhegðunar barna en síðustu tvö ár á undan.

Fleiri umsóknir bárust í meðferðarúrræði Barnaverndarstofu árið 2020 en árið á undan, einkum í MST úrræðið (e. *multisystemic therapy*, fjölkerfameðferð), en aftur á móti fækkaði vistunum á Stuðlum. Rannsóknarviðtölum í Barnahúsi fjölgaði um 30% árið 2020 miðað við árið á undan sem rekja má að stórum hluta til fjölda skýrslutaka en skýrslutökur fyrir dómi voru 220 árið 2020 samanborið

⁸ <https://www.bvs.is/media/almennigur/Skyrsla-um-samanburd-aranna-2018-2019-and-2020.pdf>

við 150 árið á undan. Fleiri börn fóru jafnframt í greiningar- og meðferðarviðtöl árið 2020 en árin á undan.

Biðlistar eftir sálfræðipjónustu í Háskóla Íslands hafa lengst í vetur þrátt fyrir að þjónustan hafi verið aukin á síðustu árum. Íslenskir háskólanemar skera sig því miður úr hópi evrópskra nema að þau meta geðheilsu sína verri en namar samanburðarháskóla og vaxandi kvíða og einangrunar hefur gætt á COVID-tímanum og félagstengsl ekki síst á meðal nýnema, orðið minni en ella.

Þekkt er að félagslegir þættir á borð við streitu, álag, félagslega einangrun, efnahagsþrengingar og atvinnuleysi auka líkur á heimilisofbeldi og ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum. Ljóst er því að þær samfélagsbreytingar sem urðu í heimsfaraldri COVID-19, s.s. breyttir atvinnuhættir, aukin heimavinna, skert skólustarf, takmarkanir á samneyti við aðra, tekjuskerðing og atvinnumissir, settu ákveðinn hluta barna og ungmenna á Íslandi í aukna hættu á slíkum áföllum. Rannsóknir á áföllum í bernsku (*e. adverse childhood experiences*) hafa sýnt að slík reynsla eykur hættu á alvarlegum afleiðingum sem geta komið fram jafnvel áratugum síðar, s.s. krabbamein, hjartasjúkdóma, sykursýki, geðraskanir, misnotkun áfengis og vímuefna og önnur skaðleg heilsuhegðun. Það er því ábyrgð og skylda samfélagsins að standa vörð um velferð barna og ungmenna á tímum sem þessum og tryggja eins vel og hægt að börn hljóti ekki skaða af þeim samfélagslegu aðgerðum sem gripið er til vegna COVID-19. Tryggja verður að gripið sé hratt og örugglega inn í aðstæður barna og ungmenna sem búa við erfiðar aðstæður eða félagslega einangrun. Foreldrar verða að geta auðveldlega leitað sér aðstoðar vegna álags, vanlíðanar eða erfiðleika og börn þurfa að aðgengi að snemmtækri sálrænni aðstoð. Hlúa þarf sérstaklega að félagslegum umhverfi þeirra ungmenna sem urðu fyrir mikilli skerðingu á félagslegu samneyti vegna COVID-19, s.s. í framhaldsskólum og háskólum, sérstaklega meðal nýnema. Félagstengsl eru dýrmætari á þessum árum en á flestum öðrum tímabilum ævinnar enda myndast oft vinasambönd fyrir lífstíð á þessu æviskeiði. Því er brýnt að vega upp á móti þeim takmörkunum sem orðið hafa á virkni og félagstengslum ungs fólks vegna COVID-19 síðastliðið ár t.d. með auknum atvinnumöguleikum yfir sumartímann.

3. Tillögur hópsins

3.1 Efla skólaheilsugæslu

Nauðsynlegt er að efla stoðþjónustu skóla þegar aukinn vandi steðjar að viðkvæmum hópum barna og ungs fólks í samfélaginu. Kjölfestan í öllu starfi heilsuverndar grunnskólabarna er starf fagfólks heilsugæslunnar sem vinnur í samstarfi við annað heilbrigðisstarfsfólks heilsugæslunnar og í samstarfi við foreldra, skólafólk og aðra fagaðila sem koma að málefnum barna. Ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur nemandar er gripið til úrræða til að hjálpa nemandanum.

Lengi hefur verið kallað eftir því að eðlilegt væri að skólaláttunasta heilsugæslunnar, og þá ekki síst þverfagleg geðheilbrigðisþjónusta, væri eflað á efri stigum skóla. Það mætti gera með því að gera heilsugæsluþjónustu sýnilegri í framhaldsskólum, hafa fasta viðtalstíma í skólum en vísa málum svo áfram til heilsugæslunnar eða annarrar heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á hverju sinni. Einnig væri hægt að miðla fræðslu um geðrækt, forvarnir og þau úrræði sem standa til boða.

Stýrihópurinn leggur til að þverfagleg skólaheilsugæsla verði eflað að því leyti að hún nái til framhaldsskóla. Til að byrja með gæti sú aukning verið með því að auka aðgengi framhaldsskólanema að geðheilbrigðismenntuðum starfsmönnum heilsugæslu. Stýrihópurinn leggur til að Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu verði falið að útfæra þessa tillögu nánar.

3.2 Efla rafrænar lausnir í geðheilbrigðisþjónustu

Tryggja þarf auðvelt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu fyrir alla. Ein leið til þess er að nýta betur og efla rafrænar lausnir í geðheilbrigðisþjónustu til þess að bregðast við vægum vanda og fyrirbyggja versnun á einkennum. Börn og unglingar eiga oft auðveldara með að eiga samskipti í gegnum netspjall en þegar viðtöl barnasálfræðinga á heilsugæslu lágu niðri vegna sóttvarnarráðstafana afþökkuðu sum börn að eiga samskipti í síma en mörg óskuðu eftir netspjalli. Fagumhverfið verður að fylgja þeirri þróun sem er í tækni- og nýjum samskiptamátum og nýta sér hana. Börnin eru á undan fagfólkinu að tileinka sér nýjar leiðir til samskipta. Netspjall myndi auka möguleika í meðferð og gæti til dæmis eflt stuðning við börn með ADHD.

Stýrihópurinn leggur til að efla heilsuveruna á þann hátt að hægt verði að bjóða upp á að börn og unglingar geti átt samskipti við sína meðferðaraðila á heilsugæslunni í gegnum netspjall.

3.3 Efla þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslu

Í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2020 var sérstök áhersla lögð á að efla geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu. Mönnun er þó í litlu

samræmi við eftirspurn og því hefur skapast langur biðlisti eftir þessari þjónustu. Mikilvægt er að gera heilsugæsluna í stakk búna til að taka á móti þeim fjölbreytta vanda sem fólk leitar til hennar með og því er áriðandi að þjónustan sé þverfagleg.

Eins og fjallað hefur verið um í inngangi þá virðist vera að COVID-19 hafi almennt ekki haft mikil neikvæð áhrif á geðheilbrigði þjóðarinnar, en vísbendingar eru um að huga verði betur að börnum og ungmennum. Áriðandi er að börn og foreldrar sem upplifa erfiðleika í tengslum við COVID-19 geti leitað sér aðstoðar skjótt og örugglega.

Heilsugæslunni er ætlað að vera fyrsti viðkomustaður okkar í heilbrigðisþjónustu. Sumum dugar fagleg ráðgjöf eða jafningjafræðsla en aðrir þurfa sértækari úrræði eins og gagnreynda einstaklingsmeðferð eða hópmeðferð. Þegar kemur að fjölskyldulífi gæti mörgum gagnast gagnreynd uppeldisnámskeið, eða námskeið fyrir verðandi foreldra til undirbúnings fyrir foreldrahlutverkið og til að hlúa að tengslamyndun. Skynsamlegt væri að auka aðgengi allra landsmanna að þjónustu af þessu tagi. Mögulegt væri að nýta tæknilausnir í enn ríkari mæli en áður til þess að miðla fræðslu og þjónustu um land allt.

Stýrihópurinn leggur til að þverfagleg geðheilbrigðisþjónusta heilsugæslunnar í landinu verði eflað með fjölgun stöðugilda í öllum heilbrigðisumdæmum í samræmi við skilgreinda þörf úr frá algengi helstu geðraskana í þýðinu.

3.4 Bæta aðgengi að sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu

Mikilvægt er að vinna að því að börn sem þurfa sérhæfða aðstoð vegna geðrænna vandamála bíði ekki óhóflega lengi eftir slíkri þjónustu þar sem það getur haft alvarleg og langvarandi áhrif á þróun vandans.

Þegar COVID-19 faraldurinn hófst hér á landi var almennur biðtími á BUGL yfir sjö mánuðir og búist var við að biðlistar myndu lengjast enn frekar í heimsfaraldrinum. Á legudeild BUGL var 49% aukning á innlögnum í janúar og febrúar á þessu ári samanborið við þetta tímabil í fyrra. Merkja mátti breyttar þjónustuþarfir hjá sjúklingum og fjölskyldum þeirra. Vel var greinanlegt hvernig skortur á rúttínu, félagslegum samskipum og stuðningi hafði neikvæð áhrif á geðheilsu barna þannig að almenn vanlíðan jókst. Einnig varð starfsfólk BUGL vart við að foreldrar og forsjáraðilar glímdu sumir hverjir við vanda sem mátti rekja til faraldursins og þörfnuðust sjálfir meiri stuðnings auk aðstoðar við að leita almennra úrræða. Það hafði jafnframt áhrif á getu þeirra til að styðja börn sín.

Stýrihópurinn leggur til að farið verði í aðgerðir til þess að stytta bið barna eftir sérhæfðri geðheilbrigðisþjónustu hjá BUGL og BUG

3.5 Lög um börn sem aðstandendur

Nýlega hafa gengið í gegn breytingar á ýmsum lögum er varða réttindi barna sem eiga foreldra sem glíma við alvarlega erfiðleika eða látast⁹. Þar er m.a. kveðið á um ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna á að kanna hvort skjólstæðingar þeirra með geðraskanir, vímuefnavanda eða alvarlega líkamlega sjúkdóma eigi börn undir lögaldri, og ef svo reynist vera, að huga að réttindum og velferð barnanna. Aftur á móti hefur hvorki verið skilgreint hvernig skuli standa að því að tryggja rétt barna að þessu leyti né haft eftirlit með því að það sé gert. Í nágrannalöndum okkar þar sem sambærileg lög ríkja hefur víða verið komið á fót sérstökum barnafulltrúum innan heilbrigðisstofnana sem hafa það hlutverk að uppfylla lagalegar skyldur stofnananna sem sinna fullorðnum gagnvart börnum sjúklunga.

Tryggja verður að börn þeirra sem verða alvarlega veikir eða hljóta andleg eftirköst af COVID-19 fái aðstoð og fylgst sé með velferð þeirra.

Stýrihópurinn leggur til að svipuðu fyrirkomulagi verið komið á hér á landi og er í nágrannalöndum okkar og stöðugildum barnafulltrúa verði komið á fót innan allra helstu stofnana sem sinna fullorðnum með alvarlegan vanda.

⁹ <https://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1866/PDF/u07.pdf>

4. Aðrar ábendingar hópsins

Stýrihópurinn vill einnig benda á stuðningsaðgerðir sem eru á forræði annarra ráðherra en myndu gagnast börnum og ungmennum sem eru að glíma við vanda. Slíkar stuðningsaðgerðir gætu stuðlað að betri geðheilsu barna og ungmenna.

4.1 Efla skólaþjónustu

Nauðsynlegt er að efla stoðþjónustu skóla þegar aukinn vandi steðjar að viðkvæmum hópum barna í samfélaginu. Skólakerfið er sá vettvangur þar sem öll börn samfélagsins eru samankomin á degi hverjum og því þarf að tryggja að komið sé auga á börn sem þarfnast aðstoðar í skólakerfinu, að starfsfólk fái þann stuðning, fræðslu og ráðgjöf sem þarf til að sinna þörfum barna og að börn og foreldrar eigi auðveldan aðgang að mati og ráðgjöf. Komið hefur fram að víða er misbrestur á þessum þáttum hér á landi¹⁰ þrátt fyrir að hlutverk skólaþjónustu gagnvart börnum, foreldrum og starfsfólki skóla eigi að vera skýrt samkvæmt reglugerð¹¹. Víða eru langir biðlistar eftir skólaþjónustu og því nauðsynlegt að auka mönnun og aðföng þannig að kerfið geti sinnt sínum verkefnum án tafar.

4.2 Bjóða fjölbreytt sumarstörf fyrir ungmenni

Fara þyrfti í sérstakt átak til að tryggja að öll ungmenni 16 ára og eldri sem það kjósa hafi atvinnu yfir sumartímann, s.s. að veita sérstakan styrk til sveitarfélaga og fyrirtækja til að bjóða störf fyrir ungmenni 16-25 ára, lengja umsóknarfrest og bjóða fjölbreytt störf sem fela í sér félagslega virkni. Þetta getur skipt sköpum við að afstýra langvarandi vanda og andlegri vanlíðan sem hlotist getur af félagslegri skerðingu þessa hóps vegna takmarkana á skólastarfi árið 2020.

4.3 Fjölga stöðugildum í barnavernd og efla meðferðarúrræði

Tryggja þarf að gripið sé hratt og örugglega inn í aðstæður barna sem búa við ofbeldi eða vanrækslu með því að styrkja barnaverndarkerfið um allt land. Fleiri tilkynningar hafa borist barnaverndarnefndum í heimsfaraldri COVID-19 en undanfarin ár og mikilvægt að kerfið geti sinnt þeim verkefnum án tafar. Gera þarf greiningu á biðtíma, afgreiðslutíma mála, tiltækum úrræðum og álagi á starfsfólk í barnavernd og styrkja þær stoðir þar sem veikleikar koma fram þannig að kerfið sé öflugt, skilvirkt og þjóni tilgangi sínum um að vernda börn.

¹⁰ www.landlaeknir.is/um-empaettid/frettir/frett/item38082/ny-landskonnun-a-gedraektarstarfi-i-skolum-

¹¹ <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/efrir-raduneytum/mennta--og-meningarmalaraduneyti/nr/16592>

